

Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2024

Lög og reglur

Markmið laga um opinber fjármál nr. 123/2015 er að stuðla að góðri hagstjórn og ábyrgri fjármálastjórn. Til að ná þessum markmiðum er mælt til þess að sveitarfélögin hafi hliðsjón af og tileinki sér eftirfarandi grunngildi við gerð fjárhagsáætlunar:

Sjálfbærni - Varfærni – Stöðugleika – Festu – Gagnsæi.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli á ári hverju afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Nánari ákvæði er lúta að fjármálum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er að finna í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 skylda sveitarfélög til að fylgja tveimur fjármálareglum svokallaðri jafnvægisreglu og skuldareglu.

a) Jafnvægisreglan

Samkvæmt jafnvægisreglu mega samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B-hluta yfir þriggja ára tímabil ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstöða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2022 sýndi jákvæða niðurstöðu að fjárhæð 736 m.kr. í A-sjóði og jákvæða niðurstöðu að fjárhæð 1.212 m.kr. í A og B sjóði. Árið 2021 var rekstrarniðurstöða neikvæð að fjárhæð 31 m.kr. í A-sjóði en jákvæð niðurstöða var í A og B sjóði að fjárhæð 428 m.kr.

b) Skuldareglan

Kveður á um skyldur sveitarstjórna til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A – og B – hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Alþingi hefur samþykkt að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið, eða til ársins 2025, sbr. bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum. Markmið með þessum aðgerðum var að koma til móts við áætlað tekjufall sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19. Fjármálareglur taka gildi á ný á árinu 2026. Þegar fjármálareglur taka gildi árið 2026 mun jafnvægisreglan vegna fjárhagsáætlunar 2026 taka til rekstrarniðurstöðu árána 2024, 2025 og áætlunar 2026.

Fjárhagsleg viðmið Garðabæjar skv. sveitarstjórnarlögum 2018-2022 skv. ársreikningum:

	2022	2021	2020	2019	2018
Jafnvægisregla	2.474	1.715	2.092	2.472	3.690
Skuldaviðmið skv. reglugerð	93%	88%	71%	70%	60%

Ytri forsendur fjárhagsáætlunar 2024

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð nr. 1212/2015 segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfelög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Fyrirliggjandi er þjóðhagsspá sem Hagstofa birti 30. júní sl. Hagstofa mun birta endurskoðaða spá 10. nóvember nk.

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2023 – 2027 (frá júní 2023)

	2023	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	2,3	2,2	2,7	2,5	2,5
Samneysla	2,0	1,7	0,8	0,3	0,9
Fjármunamyndun	2,3	3,4	1,9	4,2	1,1
Útflutningur vöru og þjónustu	8,3	3,3	2,8	3,0	3,4
Innflutningur vöru og þjónustu	5,1	2,8	2,,0	2,3	1,8
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	4,0	2,5	2,4	2,6	2,5
Atvinnuleysi	3,7	4,0	4,1	4,1	4,1
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	8,7	4,9	3,0	2,6	2,5
Kaupmáttur launa	0,2	0,9	1,1	1,4	1,6
Launavísitala	8,9	5,8	4,1	4,0	4,1

Samanburður hagstofuspár við spár bankanna fyrir árið 2024

	Hagvöxtur	Verðbólga	Laun	Atvinnuleysi
Hagstofa	2,5	4,9	5,8	4,0
Íslandsbanki	2,4	5,3	8,0	3,9
Landsbanki	2,7	6,2	7,8	3,6
Seðlabanki	2,6	4,6		4,4
Meðaltal	2,6	5,3	7,2	4,2

Seðlabanki birtir ekki spár um launapróun.

Innri forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2024

Tekjur:

Útsvar

Fjármálaráðuneytið áætlað hækkan tekjuskatts- og útsvarsstofns árlega miðað við hækkan launavísitölu og áætlunar um vinnumagn.

Hag- og upplýsingasvið Sambands ísl. sveitarfélaga mun taka saman og birta í október nk. staðgreiðsluáætlun fyrir hvert sveitarfélag fyrir árið 2024.

Síðasta áætlun útsvarsstofns fyrir árin 2023 – 2026 var svohljóðandi:

	2023	2024	2025	2026
Tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkan	7,6	5,9	5,4	5,2

Fasteignaskattur

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hækka fasteignamat í Garðabæ um 10,6 % milli ára 2023 og 2024.

Við ákvörðun álagningarhlutfalla fasteignagjalda verður horft sérstaklega til hækkunar verðlags til samanburðar við hækkan fasteignamatsins.

Jöfnunarsjóður

Tekjur Garðabæjar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa sveiflast nokkuð síðustu ár vegna breytinga sem gerðar hafa verið á úthlutunarreglum sjóðsins og eftir á leiðréttingum sjóðsins á einstökum framlögum.

Próunin hefur verið með eftirfarandi hætti:

Skipting framlaga skv. ársreikningi í m. kr.	2019	2020	2021	2022
Útgjaldajöfnunarframlag	110	164	193	205
Grunnskólaframlag	264	302	313	285
Framlag v/sérþarfa fatlaðra	65	82	97	100
Framlag v/nýbúafræðslu	15	20	15	23
Framlag vegna lengdrar viðveru fatlaðra	9	8	9	12
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	491	596	566	761
Framlag v/tónlistarnáms	24	29	33	40
Samþættingarframlag				41
Samtals	978	1.201	1.226	1.467

Tekjur Jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni sveitarfélaga. Framlög til einstakra sveitarfélaga ráðast af lögum og reglugerðum um sjóðinn. Jöfnunarsjóður mun væntanlega gefa út tilkynningu um áætluð framlög upp úr miðjum september. Áform eru uppi um að leggja fyrir Alþingi frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem felur í sér töluvert

miklar breytingar á núverandi regluverki sjóðsins og skiptingu framlaga til einstakra sveitarfélaga.

Gjaldskár

Gjaldskrárhækkunum Garðabæjar hefur verið stillt mjög í hof á undanförunum árum og er stefnt að því að svo verði áfram en eðlilegt er að hækka gjaldskrár reglulega m.t.t. til verðlagshækkana.

Lífskjarasamningarnir sem gerðir voru á árinu 2019 gerðu ráð fyrir að gjaldskrár sveitarfélaganna hækkuðu að öllu jöfnu ekki meira en sem nemur hækkun á neysluverðsvisitölu á gildistíma kjarasamningsins.

Gjaldahlið

Launakostnaður:

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði falla úr gildi í lok janúar nk. Kjarasamningar við starfsfólk sveitarfélaga gilda til loka mars 2024 en samningar við kennara eru lausir í maí 2024.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 er ekki lagt til að áætla fyrir væntanlegum launahækkunum á einstaka deildum en hins vegar verður gert ráð fyrir fjármagni í varasjóð til að mæta kjarasamningsbundnum hækkunum á árinu.

Bent er á umfjöllun Sigurðar Snævarr í minnisblaði Sambands ísl. sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir árið 2024 þar sem vakin er athygli á lífeyrissjóðsmálum. Þar er sérstaklega greint frá að í byrjun næsta árs muni Brú lífeyrissjóður sveitarfélaganna innheimta viðbótarframlög hjá launagreiðendum fyrir þá sjóðsfélagahópa sem voru á lífeyri við gildistöku laga nr. 129/1997 og þá sem höfðu náð 60 árum og eldri og eru komnir á lífeyri. Hjá sjóðnum er unnið að gerð áætlana fyrir hvert sveitarfélag og mun sjóðurinn vera í sambandi á næstu vikum þar sem útfærslan verður kynnt.

Annar rekstrarkostnaður:

Stærstur hluti almenns rekstrarkostnaðar er bundinn kostnaður eins og orka, húsnæðiskostnaður, tryggingar, vörukaup stofnana bæjarins, framlög til byggðasamlaga og kostnaður vegna ýmissa samninga og styrkja. Gert er ráð fyrir að hækka almenna rekstrarliði stofnana bæjarins um 6% til að mæta verðlagshækkunum. Rétt er að benda á að stór hluti annars rekstrarkostnaðar er tengdur launakostnaði eins og samningar við einkarekna skóla auk fjölmargra samninga um kaup á þjónustu svo sem á fjölskyldusviði.

Við innkaup á vöru og þjónustu verða útboð og verðkannanir áfram nýttar þar sem því er við komið þannig að ná megir sem hagstæðustu kjörum.

Byggðasamlög:

Verið er að vinna að rekstraráætlunum byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu og er stefnt að því að þær verði lagðar fram eins fljótt og mögulegt er.

Varasjóður

Gert verður ráð fyrir a.m.k. 400 m.kr. framlagi í varasjóð til að mæta hækkunum launa vegna kjarasamninga eða öðrum þáttum sem örðugt er að áætla fyrir.

Íbúafjölgun

Íbúar í Garðabæ eru núna í byrjun september 19.283.

Íbúapróun síðustu 5 ára hefur verið með eftirfarandi hætti (skv. Hagstofu):

2019	16.924 íbúar	fjölgun milli ára 4,6%		
2020	17.668 íbúar	fjölgun milli ára 4,3%		
2021	18.404 íbúar	fjölgun milli ára 4,1%		
2022	18.882 íbúar	fjölgun milli ára 2,5%		
2023	19.350 íbúar	fjölgun milli ára 2,8%	áætl.	(19.283 þann 6. sept.)

Íbúaspá næstu fjögur árin:

2024	19.800 íbúar	Fjölgun milli ára 2,3%	áætl.	
2025	20.400 íbúar	Fjölgun milli ára 3,0%	áætl.	
2026	21.100 íbúar	Fjölgun milli ára 3,4%	áætl.	

Fjárfestingaáætlun

Fjárfestingaáætlun ársins 2024 verður lögð fram samhliða rekstraráætlun ársins. Mikil uppbygging á sér stað í Garðabæ á næstu misserum og árum, með tilheyrandi framkvæmdum og uppbyggingu innviða. Áhersla verður lögð á að leita ávallt hagkvæmra lausna við nýframkvæmdir. Í fjárfestingaáætlun verður einnig horft til viðhaldsverkefna á fasteignum, gatnakerfi og öðrum eignum.

Einnig verður gerð fjárfestingaáætlun fyrir árin 2025 – 2027.

Óvissa

Nú í upphafi fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2024 ríkir meiri óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála en staðið hefur verið frammi fyrir í áraraðir. Verðbólga á heimsvísu hefur verið hærri en þekkt hefur í langan tíma og Ísland er ekki nein undantekning á því. Helstu óvissuþættir eru:

Framvinda stríðsátaka í Evrópu – Innrás Rússa í Úkraínu hefur haft áhrif vegna fólksflutninga, hækkandi framleiðslukostnað, orkukreppu og jafnvel skort á ákveðnum vörum.

Kjarasamningar – Kjarasamningar á almennum markaði gilda til loka janúar á næsta ári og flestir kjarasamningar á opinbera markaðnum gilda fram til mars 2024. Samningar við kennarafélögin gilda þó til maí á næsta ári.

Vextir og gengi – Seðlabankinn hefur gefið skýr skilaboð um að hann muni beita vöxtum til að halda aftur af verðbólgu. Vaxtastig hefur því farið hækkandi svo um munar síðustu misseri á sama tíma og óvíst er hversu hratt verðbólga muni lækka.

Ný hagspá Hagstofu mun verða lögð fram en í nóvember nk. og verður hún höfð til hliðsjónar við uppfærslu fjárhagsáætlunar milli fyrstu og annarrar umræðu.

Markmið við gerð fjárhagsáætlunar 2024

Að niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni jákvæða afkomu að því gefnu að helstu hagstærðir þróist ekki á verri veg.

Að álagningu útsvars og fasteignaskatta verði haldið eins lágrí og kostur er.

Að öðrum álögum á íbúa og fyrirtæki verði haldið eins lágum og kostur er.

Að ítrasta aðhalds verði gætt í rekstri bæjarins og leitað verði leiða til aukinnar hagræðingar.

Að skuldahlutfall Garðabæjar verði á svipuðum nótum og verið hefur undanfarin ár.

Að áfram verði unnið með framúrskarandi þjónustu að leiðarljósi m.a. með áherslu á stafrænar lausnir og og eflingu þjónustu sem einfaldar líf og bætir lífsgæði bæjarbúa.

Að fjárfestingaáætlun feli í sér skýra forgangs röðun verkefna.

Að fylgt verði samþykktum stefnum Garðabæjar um hin ýmsu mál.